

V E F N I R

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

Hvað merkir þjóðtrú?

Höfundur: Árni Björnsson
Birtist í: Vefni: 1. vefriti 1998

Birtist fyrst í vorhefti Skírnis 1996.]

aldarfjórðung hefur höfundur þessarar greinar unnið á þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands og haft það sem áalstarf að safna upplýsingum meðal aldraðs fólks um daglegt líf í bernsku þess og æsku. Sú söfnun hófst myndar þegar um 1960. Stöðugt hefur verið fyllt í skörð þeirra sem féllu frá svo að nú eru allra elstu eimildamenn fæddir um 1900. Meðal margs annars hefur verið spurst fyrir um vinnubrögð, lífshætti, venjur og trúnað.

sama tíma hefur starfsfólk deildarinnar sífellt leitast við að svara eftir bestu getu fjölbreytilegum spurningum um snerta þetta umfangsmikla svið. Meðal þeirra eru fjölmargar fyrirspurnir, ekki síst utan úr heimi, sem aerta hina rómuðu "þjóðtrú" okkar Íslendinga. Oftast er að vísu spurt um meinta almenna trú fólks á huldufólk og drauga og óskað eftir staðfestingu á henni. Af slíku tilefni hef ég þrúfaldlega mátt spyrja sjálfan mig þeirrar amviskusurningar, hvenær ég væri að segja satt og hvort ég ætti yfirleitt að segja satt um þessi efni.

fstaða mikils meirihluta heimildamanna þjóðháttadeildar við eftirgrennslan um átrúnað varð smám saman til ess að ég tók að efast um að orðið þjóðtrú væri heppilegt eða gagnsætt um þau fyrirbæri sem það er látið ná fir. Niðurstaða mín og persónuleg játning er sú að orðið sé því miður býsna villandi þótt það láti vel í eyrum.

Merkingarsaga orðsins

lútímamerking orðsins er ekki nema hundrað ára gömul. Fram undir síðustu aldamót merkti þjóðtrú jafnan ið sama og ríkistrú eða þjóðkirkja. Andstaða þess var hjátrú sem þýddi aukatrú líkt og hjákona merkir ukakona. Elsta dæmi sem fundist hefur um orðið þjóðtrú er í Landskipunarfræði Gunnlaugs Oddssonar síðar ómkirkjuprests frá 1822. Þar segir meðal annars um trúarbrögð Norðurlandabúa:

llir Norðmenn játa, sem Danir, þau trúarbrögð, er Marteinn Lúther hóf og í lög vóru leidd af Kristjáni konungi . í báðum ríkjunum, samt í grundvallar-lögum Norvegs er lögtekið að vera skuli þjóðtrú, meðan landið er yggd.(1)

ævisögu Benjamíns Franklíns, sem Jón Sigurðsson forseti þýddi og út kom árið 1839, er svo til orða tekið: "Í andafylkjunum er engin föst þjóðtrú lögtekin, heldur búa allskonar trúarflokkar þar í samblandi án óskilnaðar."(2) Í Landstíðindum árið 1850 standa þessi orð í athugasemdum við frumvarp til grundvallarlaga Íslands: "Við 2. gr. eru þau evangelisku-lútersku trúarbrögð gjörð að þjóðtrú Íslendinga, og í 4. gr. er það onúngi gjört að skyldu að vernda þessa þjóðtrú, enda þó hann játaði hana ekki. Um kostnað til þessarar jóðtrúar viðrhalds er forsiálega ekkert talað."(3) Páll Melsteð segir í mannkynssögu sinni um nýöldina árið

370: "Skotar stofnuðu hjá sér eitt mikið félag sem þeir kölluðu "Covenant" til þess að verja þjóðtrú sína og jöðfrelsi (1638) og ári síðar varð af því fullur fjandskapur og vopnaviðskipti milli Skota og konungs."(4) rnljótur Ólafsson skrifar í blaðið Fróða á Akureyri árið 1884 langa grein "Um trúbragðafrelsi hér á landi" þar æm hann tekur svo til orða:

47. gr. er talað um réttindi og skyldur þeirra manna, er aðra trú játa en þjóðtrúna. [...] En með nafninu jöðkirkja er játað, að vald þjóðfélagsins sé komið í stað alveldis konungdómsins, þjóðtrúin í stað konungstrúar. ..] Hinn lúterski trúarsíður er svo samvaxinn orðinn hugarfari þjóðarinnar og lífern, að eg get eigi hugsað mér nnað en að hann verði þjóðtrú landa minna um aldr og æfi.(5)

þýðingu sinni á Íslandspættinum í ritverki Konráðs Maurers um norræna réttarsögu segir Eggert Briem ýslumaður í tímaritinu Lögfræðingi árið 1899: "Kristni var lögtekin á alþingi (árið 1000) og skyldi hún vera jöðtrú Íslendinga."(6) Það er því öldungis ljóst að fram til 1900 er merkingin ríkistrú eða þjóðkirkja ríkjandi m orðið þjóðtrú.

Ista dæmi sem fundist hefur um orðið þjóðtrú eða öllu heldur þjóðtrúarfræði í yngri merkingunni (folklore) er í inkabréfi frá Ólafi Davíðssyni til föður síns árið 1884:

jöðsögurnar, gáturnar, þulurnar etc. eru kepphestur minn um þessar mundir og hafa reyndar alltaf verið. Það r undarlegt að vera mest interesseraður fyrir náttúrufræði og þjóðtrúarfræði. Maður skyldi þó halda, að þær ttu ekki miklum mun betur saman en Jehovah og Belsebubbur, en sú verður oft raunin á, að extrema se ungunt [andstæður mætast] og þau undarleg í mannssálunni.(7)

Iið sama kemur fram í bréfi frá Ólafi til Jóns Árnasonar árið 1886: "Nú er eg með því marki brenndur, að eg nn engri fræði eins og þjóðtrúarfræði okkar Íslendinga og get aldrei þagað, þegar um hana er að ræða." þpinberlega notar Ólafur orðið þjóðtrú fyrst í þessari merkingu á nokkrum stöðum í inngangi að Íslenzkum æmmtunum árið 1888. Aftur gerir hann það í minningargreinum um sagnasafnarana Gísla Konráðsson og Iagnús Grímsson árin 1894 og 1895.(8)

læsti maður til að nota orðin þjóðtrú og þjóðtrúarhugmynd í þessari merkingu á prenti er kunningi Ólafs, æmundur Eyjólfsson guðfræðingur og búfræðingur. Í grein með yfirskriftinni "Þjóðtrú og þjóðsagnir" í ímariti Hins íslenska bókmenntafélags 1891 segir hann meðal annars:

á, það var lengi viðkvæðið, að þjóðtrú og þjóðsagnir væru ekkert annað en ómerkilegar kerlingabækur, og nginn menntaður maður gæti gjört svo lítið úr sér að gefa gaum að þeim. Það er fyrst á þessari öld, að ýmsir æðimenn hafa orðið til þess að líta nokkuð öðruvísi á þetta. Á þessari öld hafa ýmsir kannast við, að þjóðtrúin g þjóðsagnirnar hefðu í sér fólgn margra og dýrmæta fjársjóði, sem nauðsynlegt væri að grafa upp og bjarga frá lötun.(9)

essi nýja merking orðsins þjóðtrú bar sigurorð af hinni eldri á aðeins áratug og varð ofan á um og eftir ldamótin 1900. Upphaflega merkingin hefur naumast sést síðan í prentuðu máli. Glöggt dæmi um ærkingarbreytinguna eru tvær málsgreinar með sex ára millibili í blaðinu Bjarka á Seyðisfirði hvor sínum ægin við aldamótin. Hin fyrri er eftir Þorstein Erlingsson frá árinu 1896 um mannfélag í Vesturheimi:

meríkumenn hafa aungva lögboðna þjóðtrú, og því á hjörðin aungva sameiginlega leið til fyrirheitna landsins inum megin, heldur ætlar hver að fara með sinn flokk þann veg, sem honum þykir farsælastur, því meríkumenn vilja hafa samkeppnisrétt sinn óskertan í því sem öðru.

ú síðari er í einskonar ritdómi um útgáfu Íslendinga sagna eftir Sigfús Sigfússon frá árinu 1902. Hann segir um rmanns sögu og Atla sögu Ótryggssonar: "Báðar þessar sögur eru nauðalíkar Bárðarsögu og nokkurs virði í jöðtrúarlegu tilliti, þótt ekki væri annað."(10)

rið 1908 kom út bókinn Þjóðtrú og Þjóðsagnir sem Oddur Björnsson gaf út en Jónas Jónasson frá Hrafnagili bjó l prentunar. Jónas ritaði einnig formála og minntist meðal annars á þjóðtrú í tengslum við þjóðsiði. Hið sama erði hann í greininni "Ódauðleiki og annað líf" í Skírni 1915 og í kaflanum um "Hugsunar- og trúarlífið" í slenzkum þjóðháttum sem út kom árið 1934. Sigfús Sigfússon sagnasafnari tók yngri merkinguna í annað sinn pp á arma sína í formálum að draugasögum og jarðbúasögum sem fyrst voru prentaðar árin 1925 og 1931. inar Ól. Sveinsson heldur henni í hinni ágætu bók sinni Um íslenskar þjóðsögur sem út kom 1940. Frá þeim ma má segja að sú merking hafi verið allt að því lögboðin þegar fjallað er um dulræn efni.(11)

Villandi orð

nda þótt orðið þjóðtrú láti vel í munni eru báðir hlutar þess vægast sagt óþægilega villandi miðað við það agnsæi sem löngum hefur talist aðal íslenskrar tungu. Fyrri hlutinn vísar til þjóðarinnar allrar eða mikils eirihluta hennar. Seinni hlutinn ber í sér merkinguna trúfesti í stað efahyggju eða hugarflugs. Báðir hlutar rðsins eru því annað tveggja ómeðvitaðar ýkjur eða óskhyggja nýrómantískra fræðimanna frá því um og eftir ðustu aldamót sem með þessu móti heimfærðu skáldlegt hugarflug skemmtilegs minnihluta upp á þjóðina alla.

að er leitt að þurfa að amast við þessu hlýlega orði sem maður er alinn upp. Undan því verður þó naumast ikist öllu lengur vegna ofnotkunar þess um allskyns tímabundin eða nýinnflutt fyrirbæri af hálfu ýmissa aðilja osef fjölmiðlunga, ferðaútgerðarmanna og svokallaðra nýaldarsinna. Nógu slæmt er að orðið skuli vera illandi um merkilegar frumhugmyndir sem kunna að hafa erfst frá alda öðli meðal manngerða sem eru áttúraðar fyrir slíkar hugleiðingar. Verra er að klína því á hvaða innflutta eða uppdiktaða söluvöru sem vera ann.(40)

nn skal það áréttað að Jón Árnason kallaði munnmælin á sínum tíma skáldskap þjóðarinnar sem sprytti af írjúu ímyndunarafli hennar. Við fáum líka seint fullþakkað öllu því sagnaglaða fólki ásamt sjáendum og eyrendum sem hafa skilað þessu margslungna efni til okkar. Því er verðugt íhugunarefni hvort ekki sé kominn mi til þess að taka undir orð forvígismannsins um hið alþýðlega hugarflug, að minnsta kosti í okkar eigin hóp, vað sem okkur kann að henta að segja túristum.

ennilega er orðið um seinan að lagfæra þann ofskilning sem lagður hefur verið í orðið þjóðtrú síðustu hundrað r. Það er samt vinsamleg ábending til allra þeirra sem um þessi efni ræða og skrifa að nota orðið sparlega til að era þeim meirihluta þjóðarinnar ekki rangt til sem ekki trúir á huldar vættir eða önnur dulmög, hvað þá nóna og blómálfa, þótt svo hann kunni að hafa vinsamlega afstöðu til allra slíkra fyrirbæra. Tölum heldur blátt fram um trú á álfa, drauga, fyrirboða, forspár, draumvitranir, huldulækna, stjörnuspar, forlög, álagabletti, aldra, náttúrudýrkun, forneskju og hvað eina eftir því sem við á hverju sinni eða köllum það einu nafni irðutrú, en hlífumst við að tönnlast á orðinu þjóðtrú í tíma og ótíma.

Aftanmálgreinar

- 1) G. O. Oddsen. Almenn landaskipunarfræði II, Kh. 1822, 360.
- 2) Tvær ævisögur, Kh. 1839, 37. Til baka
- 3) Lanztíðindi, 16. tbl. 1850, 66.
- 4) Páll Melsteð. Nýja sagan I, 2. hefti, Rv. 1870, 15.
- 5) Fróði 1884, 260-61.
- 5) Lögfræðingur 1899, 3.
- 7) Ólafur Davíðsson. Ég læt allt fjúka, Rv. 1955, 121.
- 3) Úr forum Jóns Árnasonar II, Rv. 1951, 281. - Ólafur Davíðsson. Íslenskar skemtanir, Kh. 1888-92, 2, 4, 31-2. - Sunnanfari IV, 26; V, 58.

- j) Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags 1891, 97, sbr. 107.
- l0) Bjarki 1896, 3; 1902, 38, 2.
- l1) Þjóðtrú og þjóðsagnir. Önnur útgáfa aukin, Ak. 1977, 1-11. - Jónas Jónasson. "Ódauðleiki og annað líf." kírnir 1915, 44; Íslenzkir þjóðhættir, Rv. 1934, 389, 406, 408, 416, 418-419, 423, 427, 436. - Sigfús Sigfússon. Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Ný útgáfa. Rv. 1982-1993. II, 3; III, 3-4. - Einar Ól. Sveinsson. Um íslenskar þjóðsögur, Rv. 1940, v, 128 og víðar.
- l2) Ásgeir Blöndal Magnússon. Íslensk orðsifjabók, Rv. 1989, 35, 313, 328. Sbr. Pétur Pétursson. Church and Social Change, Rv. 1990, 87-146.
- l3) Fjölnir III 2, 29. Sbr. Skírnir 1845, 26; Reykjavíkurbósturinn II, 137.
- l4) Úr förum Jóns Árnasonar I, 200.
- l5) Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefir Jón Árnason. Ný útgáfa. Rv. 1954-1961. II, xxxiv. - Úr förum Jóns Árnasonar I, 129, 143, 200. - Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur. Safnað hafa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. I-IV. Kh. 1888-1903.
- l6) Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I, xvii, xxiii; II, xxxviii, 561. - Úr förum Jóns Árnasonar II, 47-50, 54-55.
- l7) Alvísmál, 10., 12., 14., 16., 18., 20., 22., 24., 28., 30., 32. vísa; Lokasenna, 30. vísa. - Edda Snorra Eyrar. Útg. Finnur Jónsson. Kh. 1931, 25. - Ísl. fornrit IV, 93-95, 148-152, 215; V, 39-40, 69; VI, 298-301; VII, 112-123, 175-177, 184, 200; IX, 174-190, 207; XIII, 255, 285. - Biskupa sögur. II, Kh. 1878, 77-78, 80-82. - Arnarmanngættur ok Hermanns, Kh. 1963, 49. - Fornaldarsögur Norðurlanda III, Rv. 1944, 399. - Annálar 1400-1500. Rv. 1922-1988. I, 218-219; V, 290. - Munnmælasögur 17. aldar. Bjarni Einarsson bjó til prentunar. Kh. 1955, 18, 35.
- l8) Oddur Einarsson. Íslandslýsing. Rv. 1971, 47-49; sbr. Qualiscunque Descriptio Islandiae. Hamburg 1928, 4-15.
- l9) Arne Magnusson. Brevveksling med Torfæus. Kh. 1916, 66.
- l20) Eggert Ólafsson. Ferðabók, Rv. 1974, 275-82. - Árbækur Espólíns VII, Kh. 1825, 15; sbr. Hilmar Örnólfsson. "Upplýsing gegn hjátrú". Sagnir 1989, 38-45.
- l21) Sbr. Ólafur Davíðsson. Galdur og galdramál á Íslandi. Rv. 1940-43. - Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Íslenzkir þjóðhættir, 404-05.
- l22) Magnús Stephensen. Eptirmæli átjándu aldar. Leirargörðum 1806, 594. - Ebenezer Henderson. Iceland or the Journal of a Residence in that Island during the Years 1814 and 1815. Edinburgh 1819, 427.
- l23) Isländische Volkssagen der Gegenwart. Leipzig 1860, viii.
- l24) Jónas Jónasson. Íslenzkir þjóðhættir, 389.
- l25) Sigurður Nordal. Þjóðsagnabókin I, Rv. 1971, xlix-li.
- l26) Erlendur Haraldsson. Þessa heims og annars. Rv. 1978, 7-30.
- l27) Eggert Ólafsson. Ferðabók, Rv. 1974, 281.
- l28) Sjá t.d. nýlegt dæmi í Árbók Ferðafélags Íslands 1993, 25.

- 29) Sbr. Árni Björnsson. Íslenskt vættatal, Rv. 1990, 160.
- 30) Sbr. Árni Björnsson. Íslenskt vættatal, 11, 73, 162.
- 31) Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II, 550-51, 562, 565, 574. - Árni Björnsson. Saga daganna. Rv. 1993, 444, 527-28.
- 32) Íslensk fornrit II, v-xvi, 80-83.
- 33) Þjs. JÁ II, 568-69. - Jónas Jónasson. Íslenzkir þjóðhættir, 113. - Árni Björnsson. "Vökustaur". Árbók ornleifafélagsins 1975, 47-68; Saga daganna 1993, 335-37.
- 34) Árni Björnsson. "Pálmessa og kyndilmessa". Árbók Fornleifafélagsins 1982, 154-70; "Tímatal". Íslensk jóðmenning VII, 95-96.
- 35) Páll Einarsson. "Skarkárinn á Látrum og skyldulið hans". Náttúrufræðingurinn 1990, 264-72.
- 36) Sbr. Lúðvík Kristjánsson. Íslenzkir sjávarhættir II. Rv. 1982, 389, 392, 398.
- 37) Sjá t.d. Linda Dégh. Narratives in Society. Helsinki 1995, 218-24. (FF Communications 255).
- 38) Vísir 29. júlí 1971, 9-10.
- 39) Samtal við Eið Björnsson byggingafulltrúa, Friðrik Tryggvason verkstjóra, Inga Hans Jónsson og Pétur onráðsson Grundarfirði 8. og 11. desember 1995.
- 40) Af ásettu ráði er hér ekki vísað í tiltekin dæmi. Það gæti verið ósanngjarnt að draga fram einstakar nýlegar ppákomur án þess að rekja sögu þessa fyrirbæris síðustu hálfu öld. Þeir verða að taka sneið sem eiga.